



Sauðárkróki, 14. janúar 2019

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggingdastofnunar um tillögu til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019-2033, mál 404 og tillögu til þingsályktunar um fimm ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2019-2023, mál 403.

Í greinargerð með **þingsályktun um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019-2033** kemur fram að meginbreytingin er að með lögum um samræmingu áætlana á sviði samgöngu, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála nr. 53/2018 hafa skapast möguleikar til að samþætta áætlanir á þessum sviðum þar sem þær ná allar til 15 ára með fimm ára aðgerðaáætlunum og að allar eru þær endurskoðaðar á þriggja ára fresti. Að auki er gert ráð fyrir samþættingu við aðrar áætlanir svo sem stefnu og áherslur ráðherra, aðgerðaáætlun um loftslagsmál og stefnu í almannavarna- og öryggismálum ríkisins. Þá er einnig gert ráð fyrir að við forgangsröðun aðgerða verði m.a. tekið tillit til óska sveitarstjórna og sóknaráætlana landshluta. Einnig er bent á að samræma þurfi tímabil fjármálaáætlunar og fjármálastefnu þannig að þessar áætlanir séu allar að horfa til sömu tímabila. Þessi nýbreytni gefur verulega möguleika til að móta framtíðarsýn og samhæfa innviðauppbýggingu í landinu.

Aukin áhersla er á byggðamál í **þingsályktun um stefnu í fjarskiptum fyrir árin 2019-2033** en í kafla 1.1 í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir eftirfarandi um samþættingu og lagskiptingu áætlana:

„Efst eru markmið byggðaáætlunar sem segja til um hvaða markmiða þurfi að taka tillit við vinnslu bæði fjarskipta- og samgönguáætlunar sem nú þegar hafa samræmd meginmarkmið.“

Í gildandi **Byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024** er lögð veruleg áhersla á fjarskipti en í aðgerð **A.1. Ísland ljóstengt** segir:



„*Verkefnismarkmið*: Að öll lögheimili og fyrirtæki með heilsársbúsetu eða starfsemi í dreifbýli eigi kost á ljósleiðaratengingu.

Veittir verði byggðastyrkir til tiltekinna strjálbýlla sveitarfélaga og þeim gert hægara um vik við lagningu ljósleiðarakerfa. Byggðarlög sem búa við veikan fjárhag, mjög dreifða byggð, neikvæða byggðapróun og lágt hlutfall háhraðanettenginga njóti forgangs. Við lok verkefnis árið 2020 eigi 99,9% lögheimila/fyrirtækja með heilsársbúsetu/starfsemi í dreifbýli kost á minnst 100 Mb/s þráðbundinni nettengingu.“

Verkefnið er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og framkvæmdaraðili eru sveitarfélögin og dæmi um samstarfsaðila er Fjarskiptasjóður. Aðgerðin gerir ráð fyrir að 300 m.kr. framlag verði veitt til verkefnisins af fjármunum byggðaáætlunar.

Einnig má nefna að í aðgerð A.5 **Fjarheilbrigðisþjónusta** segir:

„*Verkefnismarkmið*: Að bæta heilbrigðisþjónustu með því að nýta nýjustu tækni og fjarskipti við framkvæmd þjónustu.

Með innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu verði leitast við að jafna aðgengi almennings að almennri og sérhæfðri heilbrigðisþjónustu, svo sem að læknum, hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum, sálfræðingum og talmeinafræðingum. Jafnframt verði rafræn miðlun heilbrigðisþjónustu nýtt til að auka aðgengi að sérfræðiþekkingu og þar með gagnkvæmri faglegri ráðgjöf, samráði og samstarfi og með þeim hætti verði teymisvinna auðvelduð innan heilbrigðisþjónustunnar.

Árangur af verkefninu verði t.d. mældur með fjölda þeirra sem nýta sér sérfræðiþjónustu í gegnum netið.“

Verkefnið er á ábyrgð velferðarráðuneytis, framkvæmdaraðili er Þróunarmiðstöð heilsugæslunnar og dæmi um samstarfsaðila eru heilbrigðisstofnanir um land allt og landshlutasamtök sveitarfélaga. Aðgerðin gerir ráð fyrir að 140 m.kr. framlag verði veitt til verkefnisins af fjármunum byggðaáætlunar.

Þá er í aðgerð **A.18. Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis** gerð tillaga um að íbúar landsins, óháð búsetu, hafi jafnt aðgengi að opinberri grunnþjónustu með bættum aðstæðum og tæknilausnum og að skilgreindur verði réttur fólks til opinberrar grunnþjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu, löggæslu, menntunar, samgangna og fjarskipta. Þegar skilgreining liggur fyrir verði unnar



tillögur um tæknilega framkvæmd og jöfnun kostnaðar við að sækja einstaka þætti þjónustu á vegum ríkisins og gerðar tillögur um það í langtímaáætlun eigi síðar en árið 2021.

Verkefnið er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, framkvæmdaraðili er Bygðastofnun og dæmi um samstarfsaðila eru ráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og sveitarfélög. Aðgerðin gerir ráð fyrir að 3 m.kr. framlag verði veitt til verkefnisins af fjármunum byggðaáætlunar.

Bygðastofnun hefur áður lagt áherslu á og ítrekar hér að við afnám einkaréttar Íslandspósts á sviði pósthjónustu verði þess gætt að tryggður verði aðgangur að lágmarkspósthjónustu um allt land, þ.e. alþjónustu.

Fyrir hönd Bygðastofnunar

Guðmundur Guðmundsson

Sérfræðingur á þróunarsviði Bygðastofnunar